



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Starf Flugklasans Air 66N 15. október 2025 – 21. apríl 2026

Hér verður gerð grein fyrir því helsta í starfi Flugklasans Air 66N undanfarna mánuði.

Markaðssetning

Flugklasinn hefur tekið þátt ferðasýningum og vinnustofum eins og áður til að kynna nýjar flugleiðir. Mikil vinna hefur farið í að hvetja innlenda og erlenda ferðasöluaðila til þess að nýta nýja möguleika í flugi beint til Akureyrar.

Sýningar þar sem Flugklasinn hefur átt fulltrúa:

- WTM í London 6.-8. nóvember
- Mannamót í Kópavogi 15. janúar
- Summer Event í Hollandi á vegum Voigt Travel 25. janúar
- ITB í Berlín 3.-5. mars

Að auki stóð Flugklasinn fyrir vinnustofum í Brighton og Manchester 26. og 27. nóvember. Alls sendu 12 fyrirtæki frá Norðurlandi fulltrúa sína á vinnustofurnar til að kynna áfangastaðinn og sitt vöruframboð fyrir meira en 40 fulltrúum ferðasöluaðila þar í landi. Eru þessar vinnustofur mikilvægt skref til þess að styðja við Bretlandsflug easyJet og auka sýnileika áfangastaðarins Norðurlands á breskum markaði.

Móttaka blaðamanna og fulltrúa frá ferðaskrifstofum (FAM ferðir) er nú sem fyrr mikilvægur liður í starfi Flugklasans. Hér er upptalning á því helsta síðustu mánuði:

- MN tók þátt í undirbúningi að stórri FAM ferð á vegum Voigt Travel frá Hollandi í febrúar. Alls komu um 20 starfsmenn söluskrifstofa til að heimsækja Norðurland.
- MN kom einnig að undirbúningi að tveimur FAM ferðum á vegum Kontiki frá Sviss í febrúar og mars. Alls komu 36 starfsmenn söluskrifstofa til að heimsækja Norðurland í þessum tveimur ferðum. Þessar ferðir eru mjög mikilvægar til að mennta fólkið sem annast sölu þessara ferða og sannfæra það um ágæti áfangastaðarins.
- easyJet sendi Somhairle, skoskan áhrifavald, frá Manchester til Norðurlands. Hann gerði mjög flott efni og sýndi á sínum miðlum, sem easyJet birti einnig að mestu á sínum miðlum. Þau fóru víða um Eyjafjörð og Mývatnssveit en voru í raun bara í tvo heila daga hérna.
- easyJet Holidays sendu einnig áhrifavald norður í febrúar, sem sýndi frá ferðalagi sínu á eigin miðlum.
- Blaðamannaferð í mars frá Hollandi í samstarfi við Voigt Travel, þar sem hollenska ferðaskrifstofan bauð 6 blaðamönnum að koma með í ferðalag. Ferðin gekk vel, hópurinn fékk gott veður og prófaði alls kyns afþreyingu sem Voigt Travel býður gestum sínum á Norðurlandi.
- Blaðamannaferð í mars frá Bandaríkjunum í samstarfi við Icelandair og Íslandsstofu. 3 blaðamenn frá stórum miðlum á borð við National Geographic og The Guardian US dvöldu hér í 3 daga og heimsóttu Skagafjörð, Eyjafjörð, Húsavík og Mývatnssveit.

Efnisframleiðsla var haldið áfram á tímabilinu. Nýtt stórt vetrarmyndband er í vinnslu og talsvert var bætt við myndabankann (35 stk).



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Flugfélög/Ferðaskrifstofur

Flugklasinn hefur eins og áður veitt þeim sem standa fyrir flugi til Akureyrar margs konar aðstoð t.d. lesið yfir umsóknir í Flugþróunarsjóð, farið yfir markaðsefni, hjálpað til við tengingar birgja á Norðurlandi og verið ráðgefandi á ýmsum sviðum. Einnig hefur klasinn unnið markvisst að því að auka vitund ferðasöluaðila um þessa nýju flugleið og virkja ferðaskrifstofur til þess að nýta sér hana og bjóða upp á fleiri vörur/vörupakka á Norðurlandi.

Flugklasinn hefur átt mjög gott samstarf við **easyJet** eins og áður og átt fjölmarga fundi varðandi áherslur í markaðssetningu, framkvæmd fluganna og fleira. Í apríl skipulagði Flugklasinn heimsókn fulltrúa easyJet til landsins, þar sem fundir náðust með ráðuneyti ferðamála, Íslandsstofu, Ferðamálastofu, Isavia og stjórnarformanni Flugþróunarsjóðs. easyJet hélt áfram áætlunarflugi milli London og Akureyrar síðasta vetur. Flugið var tvisvar í viku á þriðjudögum og laugardögum frá byrjun október og mun halda áfram til loka apríl. Flugfélagið hélt einnig uppi áætlunarflugi frá Manchester á sömu vikudögum frá miðjum nóvember og til loka mars. Flugið gekk mjög vel og sætanýting mun betri en síðasta vetur. Nýlega ákvað easyJet að lengja flugtímabilið frá Manchester næsta vetur og hefja flugferðir þaðan seint í október en ekki um miðjan nóvember eins og síðastliðinn vetur. Einnig var ákveðið að færa Manchester flugin á mánudag og föstudaga, í stað þriðjudaga og laugardaga áður. Sú breyting er líkleg til að skila fleiri gestum frá Bretlandi norður, ásamt því að fjölga mögulegum ferðadögum fyrir ferðabyrsta Norðlendinga.

Flugfélagið **Edelweiss** í Sviss stefnir að áætlunarflugi til Akureyrar frá Zurich næsta sumar eins og undanfarin ár. Flugið verður vikulega frá seinnihluta júní til seinnihluta ágúst og eins og síðasta sumar verður Akureyrarflugið hluti af þríhyrningsflugi Edelweiss til Íslands, þannig að nú er flugið Zurich – Keflavík – Akureyri – Zurich. Flugklasinn hefur heyrt af auknum áhuga hjá svissneskum ferðaskrifstofum á þessum flugferðum sem vonandi verður til þess að festa þær í sessi til framtíðar.

Flugklasinn hefur átt í góðu samstarfi við hollensku ferðaskrifstofuna **Voigt Travel** sem fyrr, og unnið með þeim að ýmsum verkefnum til að auka eftirspurn. Voigt Travel stóð fyrir 10 leiguflugum frá Amsterdam til Akureyrar í vetur, frá lokum janúar og fram í mars. Voigt Travel stefnir jafnframt að vikulegum leiguflugum í sumar, frá byrjun júní og fram í miðjan ágúst. Þessi flug hafa gengið þokkalega vel, en enn er þörf á átaki í markaðssetningu til að festa áfangastaðinn í sessi hjá Hollendingum. Þessi starfsemi Voigt Travel hefur haft mikil jákvæð áhrif á þróun vetrarferðaþjónustu á Norðurlandi og rutt brautina fyrir frekari aukningu þar. 25. janúar tók Flugklasinn þátt í viðburði í Hollandi á vegum Voigt Travel, og kynnti Norðurland og það sem svæðið hefur upp á að bjóða. Viðburðurinn var vel sóttur og var greinilegt að áhugi á Íslandi er sífellt að aukast meðal ferðamanna sem velja að ferðast til norðlægra slóða.

Ferðaskrifstofan **Kontiki** í Sviss stóð fyrir leiguflugi frá Zurich til Akureyrar í vetur og er þetta þriðji veturinn sem Kontiki starfrækir slíkt leiguflug. Alls var um að ræða 6 vikuleg flug í febrúar og mars og annaðist Edelweiss flugið. Flugklasinn hefur átt gott samstarf við Kontiki og eftirspurn eftir þessum flugum virðist vera að aukast. Stefnt er að þetta leiguflug haldi áfram næsta vetur. Markvisst starf Kontiki til að byggja upp ferðir hingað hefur haft mikil jákvæð áhrif á þróun áfangastaðarins og aukningu í vetrarafþreyingu á Norðurlandi.

Flugklasinn nýtti sér vinnu ráðgjafans Chris Hagan við undirbúning og framkvæmd vinnustofanna í Bretlandi í nóvember. Flugklasinn vann einnig áfram með Nature Direct hópnum, en Nature Direct er samstarfsverkefni Íslandsstofu, Isavia, Markaðsstofu Norðurlands og Austurbrúar um markaðssetningu alþjóðaflugvallanna á Akureyri og Egilsstöðum. Samstarfið hefur gengið vel og er mikilvægur hluti vinnunnar við að greina ný tækifæri fyrir beint flug í framtíðinni. Flugklasinn hefur átt samskipti við nokkur flugfélög sem hafa sýnt áætlunarflugi til Akureyrar áhuga í framtíðinni og vonandi tekst að koma inn fleiri áfangastöðum frá Akureyri á næstu misserum.

Áhugi á áfangastaðnum Akureyri og Norðurlandi fer vaxandi og mikil tækifæri framundan. Til þess að nýta þau tækifæri er mikilvægt að Norðurland, með Akureyrarflugvöll sem miðpunkt, verði órjúfanlegur hluti af almennri markaðssetningu Íslands á erlendum mörkuðum.



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Innra starf

Flugklasinn stóð fyrir þremur vinnustofum í febrúar um sjálfbæra þróun kjarnasvæða í ferðaþjónustu á Norðurlandi. Þessar vinnustofur voru haldnar í framhaldi af vinnufundi sem haldinn var í Hofi í lok september sem hollenska ferðaskrifstofan Voigt Travel og svissneska ferðaskrifstofan Kontiki stóðu fyrir í samstarfi við Flugklasann. Markmiðið með vinnustofunum er að fjölga gestum sem dvelja lengur á Norðurlandi allt árið um kring. Á vinnustofurnar mættu fulltrúar Voigt Travel og Kontiki til að útskýra sjónarhorn og þarfir erlendra gesta og kynna hugmyndir um mismunandi kjarnasvæði í ferðaþjónustu á Norðurlandi. Vinnustofurnar voru vel sóttar og alls tóku yfir 70 manns þátt í þessum þremur vinnustofum. Unnið hefur verið áfram með niðurstöðurnar frá vinnustofunum og mun sú vinna halda áfram. Til stendur að halda fleiri slíkar vinnustofur síðar á árinu á þeim svæðum sem hinar vinnustofurnar náðu ekki yfir. Verkefnastjóri Flugklasans fór í heimsókn til Finnlands í mars til að kynna sér uppbyggingu og starfsemi ferðaþjónustuaðila í Lapplandi. Reynslan úr þeirri ferð verður einnig notuð inn í vinnu við áframhaldandi þróun áfangastaðarins.

Flugklasinn er þátttakandi í almannatengslaverkefni með Akureyrarbæ og SSNV. Markmið verkefnisins er að halda málefnum Akureyrarflugvallar og beina flugsins í umræðunni, auka vitund almennings og þrýsta á stjórnvöld að fjárfesta til framtíðar í uppbyggingu millilandaflugs um Akureyrarflugvöll. Fyrir áramótin var samþykkt auka fjárveiting til Flugþróunarsjóðs fyrir árið 2026 og má þakka það, a.m.k. að hluta, til þessu verkefni. Verkefnið er enn í gangi og er mikilvægt í hagsmunabaráttunni.

Flugklasinn hefur beitt sér fyrir áframhaldandi uppbyggingu á Akureyrarflugvelli. Enn vantar aðflugsljós á norðurenda brautarinnar og mikil eftirspurn er eftir lóðum á flugvallarsvæðinu, sem þarf að undirbúa til úthlutunar. Svo eru enn flöskuhálsar í flugstöðinni og brýnt að huga strax að frekari stækkun á henni. Góðu fréttirnar eru að nýtt GPS aðflug úr suðri er komið í gagn. Er þetta annað af tveimur GPS aðflugum sem voru í undirbúningi og það sem væntanlega mun nýtast millilandafluginu best, þ.á.m. easyJet. Hitt aðflugið hentar frekar minni flugvélum og innanlandsflugi, sem einnig er afar mikilvægt. Þessi nýju aðflug munu auka verulega öryggi og nýtingarmöguleika flugvallarins.

Flugklasinn hefur jafnframt tekið undir áherslur sveitarfélaga á Norðurlandi um að skipa eigi sérstaka stjórn fyrir Akureyrarflugvöll sem setur honum stefnu til framtíðar. Hlutverk stjórnarinnar væri að byggja upp alþjóðaflugvöllinn sem aðra gátt inn í landið; byggja upp nauðsynlega innviði vallarins, tryggja samkeppnishæfni og hafa leiðandi hlutverk í markaðssetningu hans í samstarfi við hagsmunaaðila í gegnum Markaðsstofu Norðurlands og Íslandsstofu.

Hvað er fram undan?

Flugklasinn mun halda áfram markaðssetningu til ferðaskrifstofa. Annars vegar með því að sækja sýningar og vinnustofur sem eru fram undan, og hins vegar með því að halda áfram beinni sókn á ferðaskrifstofur til að setja upp annaðhvort leiguflug eða styðja við áætlunarflug beint til Akureyrar. Almenn markaðssetning heldur einnig áfram með hefðbundnum hætti, sem og framleiðsla og birting á nýju efni.

Vinna með þeim aðilum sem eru að standa fyrir flugi mun halda áfram. Mikilvægt er að festa í sessi það flug sem nú þegar er í gangi með stuðningi á ýmsum sviðum. Einnig er áhersla á að ná inn beinu flugi frá fleiri áfangastöðum og verður markvisst unnið að því á næstu mánuðum. Nature Direct samstarfið kemur sterkt inn í þá vinnu varðandi ýmsa greiningavinnu og samskipti við flugfélög ofl.



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Flugklasinn mun eiga fulltrúa á vinnustofu Íslandsstofu í Hollandi í maí.

Flugklasinn stefnir að því að halda fleiri vinnustofur um uppbyggingu í ferðaþjónustu á Norðurlandi með sjálfbærni að leiðarljósi.

Flugklasinn mun einnig fylgjast með framgangi mála á Akureyrarflugvelli og halda áfram að hvetja til áframhaldandi uppbyggingar.

Fjármögnun Flugklasans er ekki trygg til lengri tíma. Hjá ráðuneyti ferðamála er í gangi vinna við að fara yfir með hvaða hætti staðið er að kynningarmálum og markaðssetningu Íslands fyrir ferðaþjónustu. Afrakstur þessarar vinnu ætti að liggja fyrir í haust og þá kemur í ljós hvort ríkisstjórnin hyggur á breytingar á núverandi fyrirkomulagi, og þá í hverju þær gætu falist.

Akureyri, 21. apríl 2026

Hjalti Páll Þórarinsson

Verkefnastjóri Flugklasans Air 66N